

Úttekt á almenningssamgöngum um land allt Lokaskýrsla

Öryrkjabandalag Íslands, ÖBÍ, tók að sér að gera úttekt á almenningssamgöngum um land allt samkvæmt aðgerð A.6 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, en markmið stjórnvalda er að árið 2024 muni 90% stoppistöðva almenningssamgangna standast hönnunar- og öryggiskröfur.

Samkvæmt verkefnislýsingu lýtur verkefnið að því að auka möguleika fatlaðs fólks til að nýta almenningssamgöngur. Verkefnið styður að hluta við aðgerð A6 í framkvæmdaáætlun og er tvíþætt:

- Gera úttekt á biðstöðvum í sveitarfélögum um land allt.
- Skoða hlutfall almenningsvagna með hjólastólaaðgengi.

Helsta ástæða þess að ákveðið var að beina sjónum að stöðu mála í sveitarfélögunum á landsbyggðinni utan þjóðvegar 1 var að árið 2016 kom út skýrsla Vegagerðarinnar „Aðgengi fólks með fötlun að almenningssamgöngum á landi; staða mála og mögulegar umbærur,“ rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar, nr. 1800-536. Þar kemur fram:

„Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að aðgengi FMF, með áherslu á hjólastólanotendur, að almenningssamgöngum á hringveginum er mjög ábótavant. Í fyrsta lagi eru engar áætlunarbfreiðar með búnað eða aðstöðu fyrir hjólastólanotendur og í öðru lagi eru einungis 11 biðstöðvar af 44 aðgengilegar öllum. Af því leiðir eru einungis 25% biðstöðva á leiðinni skilgreindar sem aðgengilegar hjólastólanotendum.“ (bls. 53)

Í millitíðinni gerist það að Vegagerðin fór í útboð um akstur strætó á landsbyggðinni árið 2020 og eftir þrýsting frá ÖBÍ var gerð krafa um að teknir yrðu inn að lágmarki fjórir strætisvagnar sem væru aðgengilegir hreyfihömluðu fólk. Gerð var krafa um að vagnarnir væru komnir í notkun í síðasta lagi 1. janúar 2022, en útboðið náði yfir leiðir sem aka á Suður-, Norður- og Vesturlandi.

Þar sem eiginleg úttekt var ekki gerð á aðgengi biðstöðva á þjóðvegum í ofangreindri skýrslu Vegagerðarinnar þótti ÖBÍ ástæða til að framkvæma þá greiningu. Það þótti brýnt að gera bæði til að upplýsa farþega um ástand þeirra og til að undirbúa og ýta á eftir ábyrgðaraðilum um nauðsynlegar úrbætur enda nýtast aðgengilegir vagnar illa ef biðstöðvarnar eru ekki í lagi.

Þar með var horfið frá fyrri áætlun um að gera úttekt á biðstöðvum í sveitarfélögum sjálfum innan aðgerðar A.6. Sveitarfélög verða í staðinn hvött til að gera úttekt á biðstöðvum gegnum sína aðgengisfulltrúa í tengslum við aðgerð A.3 í framkvæmdaáætlun og nýta heimildir innan fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sem fengust með reglugerð nr. 280/2021. Í frétt Innviðaráðuneytisins segir: „Meginmarkmið nýrrar reglugerðar er að veita aukinn stuðning til sveitarfélaga vegna úrbóta sem gerðar eru í aðgengismálum fatlaðs fólks. Sérstaklega er kveðið á um að Fasteignasjóði sé heimilt, á árunum 2021 og 2022, að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög til: [...] Úrbóta þannig að biðstöðvar almenningssamgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólk, svo og útvistarsvæði og

almenningsgarðar.¹ ÖBÍ hefur ráðið verkefnastjóra til ársloka 2022 með stuðningi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að kynna þessar heimildir og hvetja sveitarfélög til að ráða aðgengisfulltrúa til að fylgjast með og ýta eftir framkvæmdum.

Þess má einnig geta að Reykjavíkurborg gerði úttekt á strætóstoppistöðvum innan borgarmarkanna sumarið 2020 og áætlun er í gangi um að gera úrbætur á þeim með hliðsjón af leiðbeiningum Vegagerðarinnar frá 2019: „Hönnun fyrir alla – Algild hönnun utandyra.“

Framkvæmdin

Töf varð á verkefninu vegna Covid faraldursins og var það framkvæmt vorið og sumarið 2021.

Samið var við VSÓ ráðgjöf um að gera úttekt á ástandi stoppistöðva á landsvísu á leiðum 51, 55, 56 og 57, alls 113 stoppistöðvar. Niðurstöður úttektarinnar voru þær að engin þeirra stoppistöðva utan borgarmarkanna sem skoðaðar voru uppfylla allar aðgengiskröfur. Aðgengi og yfirborð annarra stöðva þótti ýmist slæmt eða mjög slæmt. Lokaskýrsla vekefnisins kom út í september 2021 og hefur verið kynnt fyrir haghöfum.²

Með skýrslunni fylgir sérstök vefsíða með upplýsingum um biðstöðvarnar sem farþegar geta kynnt sér áður en þeir fara af stað. Strætó b.s. hefur fengið vefsíðá í hendur til að vista á nýrri heimasíðu. Vefsíðain er tímabundið aðgengileg hér: <https://obi-bidstodvar.netlify.app/>.

Framhaldið

Samningur var gerður við Byggðastofnun, með vísan í aðgerð A.10 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, um að ljúka úttekt á stoppistöðvum í leiðakerfi Strætó b.s. og SvAust á landsbyggðinni. Samið var við VSÓ ráðgjöf um að gera úttekt á stoppistöðvum vorið og sumarið 2022. Með því verður til tæmandi greining á ástandi stoppistöðva á landsbyggðinni, að frátoldum þeim sem eru á forræði sveitarfélaganna.

Strætisvagnar með aðgengi fyrir hreyfihamaða voru teknir í notkun 23. febrúar 2022. Enn sem komið er eru miklar takmarkanir á ferðafrelsi fatlaðs fólks með landsbyggðarstrætó. Aðeins er ekið á leiðum 51 og 57 á ákveðnum tínum og þarf að panta farið með sólarhringsfyrirvara og er aðeins pláss fyrir einn hjólastólanotenda í hverjum vagni. Þá kemur fram að aðgengi takmarkast við fáeinan biðstöðvar.³

Fulltrúar málefnahóps ÖBÍ um aðgengismál og Vegagerðarinnar hafa hist þrisvar sinnum á fundi haustið 2021 og vorið 2022, þar af í eitt skipti með skipulagsstjóra Árborgar. Tilefni fundanna hefur verið að gera áætlun um útbætur á biðstöðvum strætó á landsbyggðinni á næstu árum. Niðurstaða fundanna var að hefja framkvæmdir í miðbæ Árborgar. Því miður hefur fjárheimild ekki fengist til verksins, en ljóst er að ef markmið stjórnvolda að framan eigi að nást verði stjórnvöld að bregðast skjótt við.


¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/03/23/Ny-reglugerd-um-starfsemi-Fasteignasjods-Jofnunarsjods-sveitarfelaga/>

² https://www.obi.is/static/files/skjal/pdf-skyrslur/2021-astand-stoppistodva-a-landsvisu_skyrsla-obi-pdf.pdf

³ <https://straeto.is/notendaupplysingar/frettir/adgengi-fyrir-hjolastolanotendur-a-landsbyggdinni>

Reykjavík 2. mars 2022

Fyrir hönd málefnaþóps ÖBÍ um aðgengismál

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Stefán Vilbergsson".

Stefán Vilbergsson
verkefnastjóri